

Háskóli Íslands, Lífefna- og  
sameindalíffræði Læknadeildar  
b/t Þór Eysteinnsson  
Læknagarður, Sæmundargata 2  
102 Reykjavík

Reykjavík, 27. desember 2019  
UST201910-280/R.K.  
11.18.01

**Efni: Ákvörðun um breytingu á leyfi Háskóla Íslands í VRIII fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.**

Umhverfisstofnun vísar í tilkynningu Háskóla Íslands (kt: 600169-2039) um breytingu á starfsemi með erfðabreytt dýr í starfsstöðvum ArcticLAS ehf. (kt. 550388-1389) og VRIII dags. 26. október 2019. Fyrir hafði ArcticLAS ehf. að Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík leyfi til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum músum og rottum en Háskóli Íslands VRIII hafði leyfi til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra músa. Niðurstaða Umhverfisstofnunar var sú að breyta þyrfti leyfi VRIII til að heimila einnig starfsemi með erfðabreyttar rottur í VRIII. Stofnunin hefur mótttekið samstarfssamning Háskóla Íslands og ArcticLAS ehf. og munu erfðabreyttar mýs og rottur vera fluttar á milli starfsstöðva vegna rannsókna sem heimilaðar eru í leyfum sem Umhverfisstofnun hefur gefið út.

Leitað var álits ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur og gerðu þau ekki athugasemd við breytinguna né flutning dýranna á milli starfsstöðva.


Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að breyta leyfi VRIII og er leyfið gefið út með sama gildistíma og áður til 16. nóvember 2026. Leyfið er gefið út á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996 og reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Undirritað leyfi er hjálagt.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 29. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur sæta ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða veitingu, endurskoðun, breytingu og afturköllun leyfa, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina skv. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigrún Agútsdóttir  
settur forstjóri

Afrit til: Hans Tómas Björnsson, ArcticLAS ehf. Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík

# LEYFI

til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

## Háskóli Íslands

### Lífefna- og sameindalíffræði Læknadeildar, Læknagarður

Lögheimili: Sæmundargata 2, 102 Reykjavík

Starfsstöð: Hjarðarhagi 2-6, 107 Reykjavík

Kt: 600169-2039

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Leyfi þetta gildir fyrir Háskóla Íslands, Lífefna- og sameindalíffræði Læknadeildar Háskóla Íslands, kt: 600169-2039 í dýraaðstöðu Háskóla Íslands í VRIII, Hjarðarhaga 2-6, 107 Reykjavík, til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum músum [og rottum]<sup>1</sup>. Háskóli Íslands er hér eftir nefndur rekstraraðili. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að leyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt leyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimil, í þar til gerðri dýraaðstöðu [...]², starfsemi sem felur í sér innflutning og rannsóknir á allt að 200 erfðabreyttum músum (*mus musculus*) [og allt að 60 erfðabreyttum rottum (*rattus norvegicus*) í einu, með mismunandi erfðabreytingar sem flokkast í afmörkunarflokk 2. skv. viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera]<sup>3</sup>. [...]⁴. Ef rekstraraðili sér fyrir sér að rækta önnur [dýr en þau sem tilgreind eru hér]<sup>5</sup> skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar skv. grein 1.4 um breytingar á rekstri.

<sup>1</sup> Viðbót við leyfi

<sup>2</sup> Breyting á leyfi þar sem tekin var út tilvísun í staðsetningu rannsókna sem tilgreint er í gr. 1.1

<sup>3</sup> Viðbót við leyfi með heimild til afmarkaðrar notkunar á erfðabreyttum rottum ásamt músum sem falla í afmörkunarflokk 2

<sup>4</sup> Breyting á leyfi þar sem tekið var út: „Erfðabreyttu dýrin verða með erfðabreytingar sem koma að gagni við rannsóknir á krabbameinssjúkdómum og kennslu. Heimilt er að vinna með þau músaafbrigði sem fram koma í umsókn rekstraraðila dags. 1. júní 2016“

<sup>5</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „músaafbrigði en þau er koma fram í umsókn rekstraraðila“

### 1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á sínu starfssviði. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir.

### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. [15. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur]<sup>6</sup>. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt leyfi sbr. [15. gr. laganna]<sup>7</sup>. [Ef tilkynnt er um breytingu á starfseminni sem felur ekki í sér breytingu á afmörkunarflokkun starfseminnar né áhættumati getur Umhverfisstofnun veitt samþykki fyrir þeim breytingum án þess að breyta leyfinu.]<sup>8</sup>

### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar starfsemin hefst. Verði starfseminni hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi verði eytt sbr. gr. 2.2. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlunin skal liggja fyrir hjá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara.

### 1.6 Endurgangsetning rekstrar

Ef starfsemin er stöðvuð lengur en hálf t. ár á gildistíma leyfisins skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar og jafnframt ef og þegar starfsemi hefst á ný.

### 1.7 Endurskoðun leyfis og breyttar forsendur

Endurskoða skal leyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti [12 gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur]<sup>9</sup>. Við endurskoðun leyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í leyfum séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt leyfi.

Sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 18/1996 getur Umhverfisstofnun „afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt lögum þessum ef áhætta af leyfðri starfsemi eykst, flokkun erfðabreyttra lífvera breytist, nýjar upplýsingar liggja fyrir um að áhætta af starfseminni hafi verið vanmetin, ný tækni gerir það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar en gert er áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef brotið er gegn lögum og reglum sem um starfsemina gilda“. Einnig getur útgefandi leyfis krafist endurskoðunar leyfisins sbr. [2. mgr. 22. gr. laga nr. 18/1996 laga um erfðabreyttar lífverur]<sup>10</sup>.

---

<sup>6</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „1. mgr. 18. grein reglugerðar nr. 785/1999“ sem er brottfallin reglugerð

<sup>7</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „2. mgr. 18. grein reglugerðarinnar“ sem er brottfallin reglugerð

<sup>8</sup> Viðbót við leyfi

<sup>9</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „sbr. 20. grein reglugerðar nr. 785/1999“ sem er brottfallin reglugerð

<sup>10</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „21. grein reglugerðar nr. 785/1999“ sem er brottfallin reglugerð



## 1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Ef rekstraraðili fylgir ekki skilyrðum leyfisins eða fyrirmælum Umhverfisstofnunar getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita rekstraraðila áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila með erfðabreyttar lífverur sem tilgreindar eru í þessu leyfi, sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik og ef með þarf. Brot á lögum nr. 18/1996, varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar.

## 1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um leyfi og leyfisumsókn að undanskildum þeim atriðum sem Umhverfisstofnun hefur fallist á að teljist vera trúnaðarmál, sbr. 19. gr. reglugerð nr. 276/2002, um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera. Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. grein 4.4 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

# 2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 2.1 Skráning úrgangs

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

## 2.2 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Sag úr búrum músa sem inniheldur þvag og saur skal urðað eða komið til förgunar. Geyma má lífrænar leifar músa í frysti þar til þeim er eytt með brennslu, en aflífuðum tilraunadýrum á að farga með brennslu sbr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþings og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 og reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, auk áorðinna breytinga. Skila á spilliefnum í spilliefnamóttöku.

## 2.3 Afmörkunarráðstafanir

Starfsemi þessi fellur undir afmörkunarflokk 2. skv. viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Umhverfisstofnun setur því eftirfarandi afmörkunarskilyrði í samræmi við afmörkunarflokk 2 í viðauka 2 í reglugerð nr. 276/2002, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996.

- Staðið skal að starfseminni þannig að engar lífverur berist út.
- Nota skal skilti sem varar við hættu af líffræðilegum toga.
- Aðgangur skal takmarkaður við tiltekna einstaklinga.
- Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsfólk skuli klæðast hlífðarfötum og hafi aðgang að hreinsunar- og þvottaaðstöðu.
- Rekstraraðili skal sjá til þess að takmarkaður sé aðgangur að ræktunarsvæði, svo sem með læsingu dyra og með virku öryggiskerfi.

- Ræktunin skal fara fram í lokuðu kerfi og unnt skal vera að takmarka við öryggissvæðið úrgang sem berst úr hinu lokaða kerfi.

## 2.4 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 4.2.

## 3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

### 3.1 Öryggisráðstafanir

Eftirfarandi reglur skulu gilda um öryggi og hollustu á vinnustöðum sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 276/2002:

- Halda skal mengun af völdum eðlis-, efna- og líffræðilegra mengunarvalda í umhverfi eins lítilli og mögulegt er;
- nota skal mengunarvarnarbúnað þar sem mengunin á upptök sín og leggja að auki til hlífðarfatnað og hlífðarbúnað þegar þess gerist þörf;
- framkvæma skal viðeigandi prófanir og viðhald á varnarbúnaði og tækjum;
- kanna skal eftir þörfum hvort erfðabreyttar lífverur finnast utan þess afmarkaða svæðis þar sem afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera fer fram;
- sjá skal til þess að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun;
- stofna skal öryggisnefndir og undirnefndir um líffræðileg efni ef þörf krefur;
- setja skal og framfylgja reglum sem gilda um öryggi á vinnustöðum á hverjum stað.

### 3.2 Vinnudagbók

Rekstraraðili skal færa vinnudagbók, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Eftirfarandi upplýsingar skulu færðar inn í hana:

- Nýting á aðstöðu.
- [Afbriðgi eða stofnar dýra]<sup>11</sup> í ræktun.
- Upplýsingar um afkvæmi ásamt dagsetningum.
- Úrgangur sem fer til förgunar ásamt dagsetningum.
- Aflifun erfðabreyttra [dýra]<sup>12</sup>.
- Eftirlit, eftir þörfum, hvort [erfðabreytt dýr]<sup>13</sup> finnast utan ræktunarsvæðis.

---

<sup>11</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „Músaafbrigði“

<sup>12</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „músa“

<sup>13</sup> Breyting á leyfi þar sem áður stóð: „erfðabreyttar mýs“



- Viðhald, eftirlit og bilanir í starfsstöðinni (þ.m.t. öryggiskerfi) sem gætu haft áhrif á mengunarhættu ásamt dagsetningum.
- Breytingar á tækjabúnaði á rekstartíma.
- Mengunaróhöpp, skemmdarverk og tilraunir til skemmdarverka og viðbrögð við þeim.
- Þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 3.1.

## 4. EFTIRLIT OG STARFSHÆTTIR

### 4.1 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

### 4.2 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 9. og 15. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á óhöppum og bilun í afmörkunarbúnaði, bráðamengun, skemmdarverkum og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp, skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á starfseminni og mengunarhættu hennar vegna, auk hættu vegna efnameðhöndlunar. Viðbragðsáætlun skal liggja frammi fyrir leyfisveitingu.

### 4.3 Tilkynning vegna óhappa

Verði slys vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra lífvera ber rekstraraðila að tilkynna það án tafar til Umhverfisstofnunar og annarra, sem eftirlit kann að verða falið, þ.m.t. Vinnueftirlit ríkisins sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 276/2002. Slík tilkynning skal innihalda upplýsingar um:

- (a) tildrög slyssins;
- (b) tegund og fjölda erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út;
- (c) allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- (d) neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.2, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í afmörkunarbúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.2.

### 4.4 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila og gerir eftirlitsskýrslu, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 276/2002. [...] <sup>14</sup>. Ef Umhverfisstofnun telur ástæðu til getur eftirlitið orðið tíðara.

---

<sup>14</sup> Breyting á leyfi þar sem tekið var út: „Eftirlit Umhverfisstofnunar með starfseminni fer fram reglulega, og aldrei sjaldnar en annað hvert ár“ en þess í stað er vísun í ákvæði eftirlits í reglugerð látin standa ein

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skrá. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits samkvæmt 3. mgr. 28. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

## 5. GJALDSKYLDA

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu leyfisins og eftirlits skv. gjaldskrá stofnunarinnar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 6. GILDISTAKA

Leyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996, [...] <sup>15</sup> [og reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera], öðlast þegar gildi og gildir til 16. nóvember 2026. [Með gildistöku þessa leyfis fellur úr gildi leyfi Háskóla Íslands kt: 600169-2039, Lífefna- og sameindalíffræði Læknadeildar í dýraaðstöðu í VRIII, sem var gefið út þann 16. nóvember 2016.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu leyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 29. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.] <sup>16</sup>

Reykjavík, [27. desember 2019] <sup>17</sup>

Umhverfisstofnun

  
Sigrún Agústsdóttir  
settur forstjóri

  
Rakek Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

<sup>15</sup> Breyting á leyfi þar sem tekin voru út tilvísanir í brottfallina reglugerð og í lög sem reglugerðir um erfðabreyttar lífverur hafa ekki lengur stoð í vegna breytinga á lögum

<sup>16</sup> Viðbót við leyfi

<sup>17</sup> Leyfið var gefið út dags. 16. nóvember 2016

## Fylgiskjal

### **Greinargerð með breytingu á leyfi fyrir afmarkaða notkun erfðabreyttra dýra á vegum Háskóla Íslands í VRIII.**

Háskóli Íslands (HÍ) (kt: 600169-2039) senti inn tilkynningu um breytingu á starfsemi sinni til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra dýra þann 26. október sl. sem fól í sér flutninga á erfðabreyttum músum og rottum úr starfsstöð ArcticLAS ehf. (kt. 550388-1389) í starfsstöð HÍ í VRIII að Hjarðarhaga 2-6. Forsaga málsins er samstarf á milli HÍ VRIII og ArcticLAS ehf. þar sem unnið er með erfðabreytt dýr á báðum starfsstöðvum með sitthvor leyfin. Nýlega kom í ljós að vegna hávaða í húsnæði ArcticLAS ehf. að Krókhálsi 5d reyndist ómögulegt að framkvæmda atferlispróf/hegðunarpróf á dýrunum þar. Því var sótt um heimild til að flytja reglulega dýr frá Krókhálsi í dýraaðstöðu VRIII þar sem hægt er að framkalla þessi próf sem eru partur af rannsóknum sem dýrin eru notuð í og þessu leyfi heimila. Til þess þurfti að bæta við heimild HÍ í VRIII til að vinna með erfðabreyttar rottur. Samþykkt var að breyta leyfinu og er því starfsemi með mús og rottur í dýraaðstöðu VRIII hér með heimiluð. Stofnunin hefur mótttekið samstarfssamning Háskóla Íslands og ArcticLAS ehf. og munu erfðabreyttar mús og rottur vera fluttar á milli starfsstöðva vegna rannsókna.

Efnislegar breytingar voru aðallega viðbót rotta og breyting á umfangi þar sem fleiri rannsóknir eiga við en allar falla undir sama afmörkunarflokk og áhættumat. Einnig voru gerðar aðrar stílfræðilegar breytingar á leyfinu til að m.a. auka skýrleika ákvæða.

Umhverfisstofnun tekur fram að viðbót heimildar til að vinna með erfðabreyttar rottur felur ekki í sér breytingu á afmörkunarflokkun starfseminnar og þær ráðstafanir til afmörkunar dýranna sem leyfishafi þarf að uppfylla skv. 2. viðauka reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera.

Umsækjandi hefur skilað viðbragðsáætlun ef kemur til mengunaróhapps við flutninga eða við starfsemina. Leitað var álits ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur og gerðu þau ekki athugasemd við breytinguna né flutning dýranna á milli starfsstöðva.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar er varða breytingu á leyfum eru samkvæmt lögum nr. 18/1996 og sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til og með 25. janúar 2020. Aðsetur nefndarinnar er í Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.